



Reykjavík, 04.05.2021
R21020223.

Svar við fyrirspurn

Viðtakandi: Heimir Snær Guðmundsson f.h. íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis

Sendandi: Fagskrifstofa leikskólamála

Efni: Íbúaráð Háaleitis og Bústaða óskar eftir að fá upplýsingar um hvenær ætla má að hægt verði að bjóða öllum 18 mánaða börnum leikskólapláss í hverfunum og tímaáætlun um fjölgun leikskólaplássa.

Einnig var óskað eftir upplýsingum um hvort að eftirtaldar staðhæfingar væru réttar
Á Furuskógi við Áland verður yngsta barnið fætt í maí 2019 sem verður tekið inn á ungbarnadeild í sept. 2021 þ.e. 2 ára og 3 mánaða börn komast ekki inn á þann leikskóla. Í ljósi þess er mjög athyglisvert að hafa nýopnað ungbarnadeild þegar engin "ungabörn" eru tekin inn.

Í Kvistaborg verða engin 2019 börn tekin inn næsta haust. þ.e. börn nærri þriggja ára komast ekki þar inn. Ég hef einnig heyrt af fyrirhugaðri stækkun á Kvistaborg, geturðu staðfest það og tímasett framkvæmdir?

Reykjavíkurborg hefur unnið markvisst að endurbótum og stækkunum leikskóla í borginni undanfarin ár. Hvað varðar Háaleitis- og Bústaðarhverfi þá er fyrirhugað að stækka leikskólann Kvistaborg árið 2022, verður það aukning um 16 leikskólapláss. Einnig er fyrirhugað að opna nýjan leikskóla í Safamýri fyrir 90 til 95 börn árið 2022.

Hvað varðar inntöku barna í Furuskóg þá er yngsta barn án forgangs fætt í júlí 2019 og yngsta barn í Kvistaborg án forgangs fætt í febrúar 2018.

Ekki er ljóst hvenær hægt er að bjóða öllum 18 mánaða börnum pláss í leikskóla í hverfunum en með tilkomu nýs leikskóla í Safamýri verður talsverð fjölgun á leikskólaplássum sem hefur áhrif á framboð og mögulega flutning barna milli skólahverfa.

Að lokum er vert að nefna að mikil áform eru um uppbyggingu leikskóla hjá Reykjavíkurborg. Fyrirhugað er að opna ungbarnaleikskóla í Bríetartúni í lok árs fyrir 60 börn á aldrinum 12 til 36 mánaða. Einnig er búið að samþykkja í Borgarráði kaup á 100 -110 einingar af færanlegu húsnæði og tveimur leikskólarútum til þess að geta boðið ný leikskólapláss á næsta skólaári þar sem biðlistar eru hvað lengstir. Þessar framkvæmdir munu stuðla að því að börn komist fyrr inn í leikskóla í sínu íbúðahverfi.